

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á vegalögum, nr. 8070 - 157. mál


Samtök atvinnulífsins, SVP - Samtök verslunar- og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið til umsagnar frumvarp til breytingar á vegalögum.

Samtökin gera engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið utan gr. 7 þar sem lagt er til að Samgöngustofu verði heimilt að beita stjórnvaldssektum. Gjalda Samtökin varhug við að opinberri eftirlitsstofnun verði jafnframt veitt vald til að leggja á stjórnvaldssektir vegna ýmissa brota sem hún rannsakar Sami aðili dæmir, ákvarðar stjórnvaldssekt og rannsakar mál. Eðlilegt er að hlutlaus aðili lögregla og ákærvald meti hvort ávirðingar eða brot gefi tilefni til að ákæru og refsingar. Í raun er verið með þessum tillögum að skerða réttaröryggi fyrirtækja og borgaranna. Þeir verða að fá stjórnvaldssektir felldar úr gildi með kæru og jafnvel dómsmálum með tilheyrandi kostnaði. Um þessar stjórnvaldssektir á setja nánari reglugerðarákvæði en engum kæruleiðum er lýst í frumvarpinu.

Leggja samtökin eindregið til að 7. grein frumvarpsins verði felld niður. Engin rök eru til að veita Samgöngustofu valdheimild til að beita stjórnsýslusektum. Stofnunin getur kært brot skv. 17. gr. til lögreglu skv. 59. gr. vegalaga. Brot gegn vegalögum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það sem hann hefur unnið.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Jón Rúnar Pálsson

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson

F.h. Samtaka iðnaðarins



Árni Jóhannsson

F.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsdóttir